

Lög Skógfræðingafélags Íslands

1. grein

Nafn félagsins er Skógfræðingafélag Íslands. Heimili þess og varnarþing er á Selfossi.

2. grein

Markmið félagsins er að:

- efla samheldni skógfræðinga í því skyni að bæta aðstöðu þeirra faglega, félagslega og fjárhagslega
- að kynna menntun skógfræðinga bæði til að vekja áhuga á starfsvettvangi skógfræðinga og til að upplýsa um færni og þekkingu skógfræðinga.

3. grein

Unnið skal að markmiðum félagsins bæði beint af því sjálfu og einnig með þátttöku í Félagi íslenskra náttúrufræðinga eða öðrum samtökum, sem samstarf er haft við.

4. grein

Aðalfélagar geta þeir orðið, sem lokið hafa að lágmarki B.Sc. gráðu í viðurkenndu háskólanámi í skógfræði að mati námsmatsnefndar félagsins. Um aðra félaga gilda ákvæði 5. greinar.

Inntökubeiðni, skal hljóta samþykki námsmatsnefndar. Nái inntökubeiðni samþykki er umsækjandi upp frá því fullgildur félagsmaður. Námsmatsnefnd tilkynnir umsækjanda afgreiðslu sína skriflega og sendir stjórn félagsins afrit af tilkynningunni.

Þegar félagsmaður fer á eftirlaun verður hann heiðursfélagi í Skógfræðingafélagi Íslands. Heiðursfélagar halda öllum félagslegum réttindum. Ennfremur er stjórn félagsins heimilt að bjóða skógfræðingum á eftirlaunaaldri heiðursaðild að félaginu. Eingöngu aðalfélagar í félaginu eru kjörgengir í stjórn og önnur trúnaðarstörf á vegum félagsins.

5. grein

Stjórn félagsins er heimilt að leggja fram rökstudda undanþágu frá 4. grein sem hún skal leggja fyrir félagsfund til samþykktar. Þeir umsækjendur sem falla undir slíkar undanþágur verða í framhaldi af slíkri samþykkt viðurkenndir félagsmenn af undangenginni skoðun og samþykki námsmatsnefndar.

Þeir sem stunda háskólanám í skógfræði geta haft aukaaðild af félaginu. Þeir fá þá send gögn frá félaginu og eru boðaðir á fundi, eins og aðrir félagsmenn, en hafa ekki atkvæðisrétt á félagsfundum og geta ekki setið í stjórn þess og nefndum.

6. grein

Aðalfundur hefur úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins. Formaður setur fund og stýrir kosningu fundarstjóra og fundarritara.

Aðalfundur skal halda á tímabilinu frá febrúar til maí ár hvert. Skal hann boðaður með tölvupósti til þeirra sem hafa netfang skráð í félagaskrá en öðrum skal sent skriflegt fundarboð. Fundarboð skulu send með 2. vikna fyrirvara hið minnsta miðað við dagsetningu tölvupósts eða póststimpils. Tillögur um lagabreytingar skulu kynntar sérstaklega í aðalfundarboði.

Aðalfundur er lögmætur og ályktunarhæfur, sé löglega til hans boðað. Allar kosningar í stjórn og nefndir, svo og um lagabreytingartillögur, skulu vera leynilegar komi fram um það tillaga. Framkomnar tilnefningar í stjórn og nefndir skulu sendar út með fundarboði. Löglega forfallaður félagsmaður getur greitt skriflega atkvæði í stjórnar- og nefndarkjöri og um lagabreytingar. Lögleg forföll eru veikindi og ófyrirséð eða óviðráðanleg fjarvera. Fundurinn skal greiða atkvæði um hvort forföll teljast lögleg eður ei.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál vera á dagskrá:

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um störf á liðnu ári.
2. Nefndir og ráð félagsins gefa skýrslur um störf á liðnu ári
3. Reikningar stjórnar, nefnda og sjóða með fjárumsvif lagðir fram til samþykktar.
4. Árgjald ákveðið til eins árs.
5. Laga- og reglugerðarbreytingar.
6. Stjórnarkjör.
7. Kjörið í námsmatsnefnd og til annarra trúnaðarstarfa.
8. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
9. Áætlun um störf næsta árs.
10. Önnur mál

7.grein

Aukaaðalfundur skal kalla saman ef þörf krefur að mati stjórnar eða þegar meirihluti félagsmanna krefst þess og skal boða til hans á sama hátt og til venjulegs aðalfundar.

8.grein

Félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins telur þurfa, eða þegar minnst 1/3 félagsmanna krefst þess skriflega og geta tilefnis Í gerðabók félagsins skal rita stutta skýrslu um það sem gerist á félagsfundi.

9. grein

Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi. Ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Ef atkvæði falla jafnt á tvo menn, ræður hlutkesti úrslitum. Kjörtími stjórnarfólks er tvö ár og skal öllum skipt út á sama tíma eftir tveggja ára stjórnarsetu. Einnig skal kjósa einn varamann í stjórn til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér hlutverkum formanns, ritara og gjaldkera.

10. grein

Formaður skal boða til stjórnarfundar ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Meðstjórnendur geta krafist stjórnarfundar oftar. Gerðir stjórnarinnar eru því aðeins löglegar, að þrír stjórnarmenn séu viðstaddir. Færa skal fundargerðabók yfir alla fundi.

11. grein

Allir atkvæðisbærir félagsmenn greiða félagsgjöld samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Heiðursfélagar eru undanþegnir félagsgjaldi. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gjaldkeri skal skila bókhaldi uppfærðu fram að aðalfundi. Hálfum mánuði fyrir aðalfund ár hvert skal gjaldkeri félagsins skila reikningum til félagskjörinna reikningsskoðenda. Félagskjörnir reikningsskoðendur skulu fara yfir reikninga félagsins fyrir reikningsár og skila athugasemdum til stjórnar a.m.k. viku fyrir aðalfund.

12. grein

Í félaginu skal starfa 3 manna námsmatsnefnd. Úr nefndinni skal einn maður ganga á hverju ári, þ.e. sá sem hefur lengstan starfsaldur. Ef starfsaldur er jafn skal varpa hlutkesti. Nefndin kys sér formann. Kjörtímabil hvers nefndarmanns er þrjú ár. Hlutverk nefndarinnar er að afla upplýsinga um menntun og hæfni þeirra sem sækja um inngöngu í félagið og leggja fram skriflegt álit um það til stjórnar hvort þeir uppfylla skilyrðin. Félagið ber fulla og óskoraða fjárhagslega ábyrgð á störfum námsmatsnefndar. Nefndinni er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema í samráði við stjórn félagsins. Stjórn félagsins skal halda sameiginlegan fund einu sinni á ári með námsmatsnefnd eða formanni hennar.

13. grein

Réttindi og skyldur félagsmanna

1. Félagið skal, svo sem tók eru á, stuðla að því að félagsmönnum sem starfa í þjónustu annarra sé búin viðunandi starfsaðstaða. Sérstaklega skal þess gætt, þá er ný störf koma til.
3. Telji félagsmaður sig órétti beittan í starfi eða starfsúmsókn, eða starfsaðstöðu sína óviðunandi, á hann þess kost að flytja mál sitt fyrir stjórn. Fáir hann stuðning meiri hluta stjórnar, skal stjórnin beita sér fyrir úrbótum. Beri sú viðleitni ekki árangur getur félagsfundur ákveðið að félagið ávíti formlega viðkomandi vinnuveitanda.
4. Hafi félagsmaður ekki greitt árgjald til félagsins í tvö ár samfleytt án gildra ástæðna, sem hann gerir félaginu grein fyrir, telst hann ekki lengur félagsmaður, enda hafi hann áður verið krafinn um greiðslu.
5. Þeir einir eiga rétt til setu á fundum félagsins sem skuldlausir eru við það. Gefin verða út félagsskírteini til skuldlausra félaga fyrir aðalfund á hverju ári. Aðrir hafa ekki rétt til setu á fundum eða áhrifa á ákvarðanatöku.
6. Á aðalfundi geta 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna vikið manni úr félaginu, hafi hann brotið lög þess eða valdið því tjóni á annan hátt. Taka má brottrekinn félagsmann í félagið á ný að tveim árum liðnum, ef 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna á aðalfundi eru því meðmæltir.
7. Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og tekur gildi þremur mánuðum eftir að tilkynning berst til stjórnar.

14. grein

Slíta má félaginu á fundi, sem hefur verið til þess boðaður sérstaklega að ósk 2/3 hluta félagsmanna, enda sækir 2/3 hlutar atkvæðisbærra félagsmanna fundinn. Eignir félagsins skulu þá renna til Rannsóknastöðvar Skógræktar á Mógilsá og skal þeim varið til styrktar íslenskum skógvísindum.

15. grein

Lögum félagsins má því aðeins breyta að 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna greiði því atkvæði á lögsmætum aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skulu kynntar sérstaklega í aðalfundarboði.

16. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á stofnfundi Skógræðingafélags Íslands 12. mars 2004. Breytt 2009 og 2013. Breytt 2023 og 2024.